

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 1/2016

2017/EES/45/01

frá 5. febrúar 2016

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1358 frá 4. ágúst 2015 um breytingu á XI., XII. og XV. viðauka við tilskipun ráðsins 2003/85/EB að því er varðar skrána yfir rannsóknarstofur sem hafa leyfi til að meðhöndla lifandi gin- og klaufaveikiveiru og lágmarkskröfur um öryggi sem gilda um þær ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Liður 1a (tilskipun ráðsins 2003/85/EB) í hluta 3.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við:

„– **32015 D 1358**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1358 frá 4. ágúst 2015 (Stjútíð. ESB L 209, 6.8.2015, bls. 11).“

2. Eftirfarandi kemur í stað aðlögunartexta í b-lið:

„b) Orðinu „Noregur“ skal bætt við lista aðildarríkja sem nýta þjónustu The Pirbright Institute í Bretlandi í A-hluta XI. viðauka.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1358, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 209, 6.8.2015, bls. 11.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.